

Páll Steinþórsson Árdal (1924-2003), heimspekingur og prófessor í Kanada

Afhending 2019/67

Páll S. Árdal fæddist á Akureyri 27. júní 1924. Foreldrar hans voru Steinþór Pálsson Árdal, verkstjóri, f. 16.7.1896, d. 8.6.1980 og Hallfríður Hannesdóttir, húsfreyja, f. 12.5.1901, d. 3.2.1946. Þegar Páll var ungur að aldri flutti hann með foreldrum sínum til Siglufjarðar þar sem hann ólst upp. Árið 1936 veiktist Páll af berklum og eyddi næstu tveimur árum á Kristneshæli.

Vorið 1944 útskrifaðist Páll sem stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og kenndi við skólann veturinn eftir, 1944-1945. Haustið 1945 hélt hann til náms til Skotlands og nam við Edinborgarháskóla þáðan sem hann útskrifaðist með MA gráðu í heimspeki og latínu árið 1949, Honors-próf í heimspeki árið 1953 og doktorspróf í heimspeki árið 1961.

Eftir fyrstu törn sína í Edinborgarháskóla gerði Páll hlé á námi sínu, flutti aftur til Akureyrar og gerðist kennari við Menntaskólann á Akureyri. 1951 hélt hann aftur til Edinborgarháskóla og var aðstoðarfyrirlesari við skólann 1955-1958 og fyrirlesari 1958-1969. Þá var hann einnig gestakennari í Dartmouth College í Bandaríkjunum og í University of Toronto í Kanada.

Árið 1969 var Páll skipaður prófessor í heimspeki við Queen's University í Ontario, Kanada, embætti sem hann gegndi til starfsloka. Árið 1981 var hann útnefndur Charlton-prófessor við skólann, og árið 1991 var hann gerður að heiðursdoktor við Háskóla Íslands.

Árið 1946 giftist Páll Hörpu Ásgrímsdóttur (1925-2019). Þau eignuðust fjögur börn. Páll lést árið 2003 eftir langa baráttu við Parkinsons sjúkdóminn.

Afhendingin barst frá Maríu Pálsdóttur Árdal, dóttur Páls.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
18. maí 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2019 / 67

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

A - Páll Steinvórsson Árdal

A - Páll Steinvórsson Árdal

1938 - 1938

A	1	1	1938 - 1938	Ljósrit af dagbók Páls meðan hann dvaldi á Kristneshæli.
---	---	---	-------------	--